

Efni: Athugasemdir vegna tillögu að deiliskipulagi Norðurhafnar

Stjórn Húsavíkurstofu lýsir yfir áhyggjum sínum hvað varðar áform um fyrirhugaða þaravinnslu á hafnarsvæðinu á Húsavík. Eftirfarandi eru athugasemdir stofunnar (athugasemdir 2 – 5 eiga við deiliskipulag, athugasemd 1 er óbeint tengd deiliskipulagi)

1) Áhrif á lífríki Skjálfaða

Hvað áhrif mun stórfelld taka á þara hafa á lífríki í flóanum og þannig möguleg áhrif á gengi hvala í Skjálfaðaflóa? Ferðaþjónusta á Húsavík byggir 80% (tölur frá 2019) á hvalaskoðun. Telur stofan að verið sé að leggja í hættu þá sjálfbæru auðlind sem hvalirnir eru, en hvers kyns rask á ætis- og viðkumsvæðum getur haft áhrif á hegðun og atferli dýranna.

2) Umferð um hafnarsvæði og bæinn

Umferð er þegar þung og beinlínis hættuleg um miðhafnarsvæði og skarast þar gangandi umferð ferðafólks og íbúa við þverun um svæðið af stórvirkum flutningstækjum og vinnuvélum. Gera má ráð fyrir aukinni hættu og jafnvel árekstrum þeirra notenda sem þegar eru á hafnarsvæðinu, við löndun á bilinu 20-40 tonna af stórþara á ári.

3) Útlit og ásjón

Húsavíkurstofa lýsir yfir áhyggjum sínum um þau áhrif sem bygging allt að 6.243 fermetra verksmiðjuhúsnæði miðsvæðis í bænum muni hafa á ásjón bæjarins og ímynd. Um er að ræða rúmlega þrefalda stærð vöruhúss Eimskipa, gangi áætlanir eftir. Slík bygging breytir allri ásjón hafnarsvæðisins, ásjón við innkomu í bæinn að sunnanverðu sem og upplifun við innsiglingu í höfnina.

4) Rask á hafnarsvæði

Ljóst er að leggja þarf hitavatnslögn að lóð á Norðurgarði. Það þýðir að grafa þarf upp allt miðhafnarsvæðið með tilheyrandi raski og tekjufalli fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu.

5) Hljóðmengun og lyktarmengun

Húsavíkurstofa lýsir yfir áhyggjum af hljóð- eða lyktmengun sem kann að vera af verksmiðjunni og telur vænlegast, sé tekið tillit til fleiri þátta en óska fyrirtækisins sjálfs, að byggja verksmiðjuna annars staðar.

Virðingarfyllt,
Stjórn Húsavíkurstofu
Kt. 611102-2670